



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



# Engjaborg

VELLÍÐAN VIRÐING SKÖPUN

2024 – 2025



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3	Ytra mat .....	4
4	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
5	Innra mat Vesturengi.....	9
5.1	Umbætur Vesturengi .....	10
6	Innra mat Norðurengi.....	11
6.1	Umbætur Norðurengi .....	12
7	Innra mat Austurengi.....	13
7.1	Umbætur Austurengi .....	14
8	Innra mat Suðurengi .....	15
8.1	Umbætur Suðurengi .....	16
9	Innra mat sérkennslu.....	17
9.1	Umbætur sérkennslu.....	18
10	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	19
10.1	Umbætur – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	20
11	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
11.1	Skipulags dagar og leikskóladagatal.....	21
12	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
12.1	Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2024-2025.....	22
13	Foreldrasamvinna.....	23
14	Fylgiskjöl .....	23



## 1 Greinargerð leikskólustjóra

Eins og áður er af mörgu að taka þegar segja skal frá starfi Engjaborgar, verkefnið hafa verið fjölbreytt þetta leikskólaárið. Í maí fögnuðu börn og starfsfólk Engjaborgar 30 ára afmæli ásamt foreldrum og velunnurum leikskólans. „Þetta er besti dagur lífsins!“ heyrðist úr hópi elstu barna og tókum við hin undir það, hann var svo sannarlega góður.

Starfsmannahópur Engjaborgar er þéttur og ekki var mikið um starfsmannabreytingar. Hér er metnaðarfullt fólk sem vill gera það besta fyrir börnin og finnst skemmtilegt að vera með þeim í fjölbreyttum verkefnum og læra með börnum.

Undanfarin ár höfum við unnið með áhugasvið og styrkleika barna. Við nýttum okkur þá þekkingu og unnum einnig með styrkleika og áhugasvið starfsfólks þetta skólaár. Starfsfólk sagði frá áhugasviði sínu og styrkleikum og samstarfsfólk benti á styrkleika hvors annars. Þannig kynntust við betur og fleiri þorðu að láta ljós sitt skína og höfðu þannig áhrif á starfið í Engjaborg. Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni þó ekki sé búið að ákveða nánari útfærslu á því.

Vorið 2023 fór starfsfólk Engjaborgar til Glasgow í námsferð og ávöxtur þeirrar ferðar hefur litið dagsins ljós þetta árið. Það hefur verið virkilega ánægjulegt að fylgjast með starfsfólki tileinka sér gerð flæðibóka (floorbooks) og sjá þær verða til. Áhugi starfsfólks fyrir verkefninu hefur verið mikill og smitað út frá sér og kom það augljóslega fram í starfsþróunarsamtölum að starfsfólk ætlar sér að vinna þetta verkefni lengra, það verður spennandi að sjá þá þróun. Flæðibækur sýna vel þá vinnu sem fer fram í könnunaraðferðinni og styðja við hópamiðað mat sem á að styrkja barnahópinn eða stöðu einstakra barna í hópnum. Flæðibækur má skoða á göngum Engjaborgar.

Við kynntust líka sögustundum (storytelling) í Glasgow. Hér í Engjaborg er starfsfólk sem eru algjörir sögusnillingar sem sannarlega bættu við sína þekkingu. Við hin sem erum byrjendur lærum smá saman af færum vinnufélögum okkar, en sögustundum hefur fjölgað og þær orðið fjölbreyttari. Hér verð ég að nefna sögustund sem er valfrjáls fyrir börnin og tveir kennarar skiptast á að hafa fyrir síðdegishressingu. Þessar stundir eru eftirsóttar af börnum og eru stundum allt að 50 börn sem sitja áhugasöm og hlusta á sögur. Oft má sjá raðir myndast rétt áður en sögustund byrjar hjá áhugasömum börnum sem bara geta ekki beðið eftir sögu dagsins.

Þetta árið höfum við lagt áherslu á að styðja við foreldra og gátu þeir alltaf leitað til sérkennslustjóra eftir ráðgjöf og verkfærum sem studdi þá í uppeldishlutverkinu. Þetta skólaár voru það 31 foreldri sem fengu einhverja aðstoð frá sérkennslustjóra, allt frá spjalli í að fá sjónrænt skipulag eða annað sem talið var að gæti stutt við barnið og fjölskyldu þess. Foreldrar hafa staðið þétt við bakið á okkur í Engjaborg og kunnum við að meta það, gott foreldrasamstarf skal aldrei vanmeta.

Í starfsþróunarsamtölum við starfsfólk kom fram skýr vilji til að huga að hæglæti og að reyna að sjá hvað og hvernig við getum iðkað það í starfinu í leikskólanum. Við ætlum því á næsta skólaári að kynna okkur hæglæti og hvað það inniheldur.

Ný skólanámskrá fyrir Engjaborg er langt komin og áætlað að klára hana á þessu ári. Allt starfsfólk, foreldrar og börn hafa komið að gerð námskrárinnar og við erum orðin spennt fyrir að sjá niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir.

Barnateymi hafa verið virk skólaárið sem er að líða. Þá eru börnin í litlum hópum af þremur elstu deildunum sem taka þátt í mati. Þau ræða um afmarkaða þætti starfsins svo er gerð umbótaáætlun og unnið að umbótum. Okkur finnst mikilvægt að hlusta á raddir barna og það hefur bætt starfið okkar mikið, sem dæmi þegar börn eru spurð um hlutverk starfsmanna í útiveru þá segja þau „þeir eiga að horfa á það sem við erum að gera og stoppa ef einhver er að meiða“, þetta finnst okkur sýna að börn vilja að kennarar séu til staðar og þau geti treyst á hann og að hann bregðist við þegar þess þarf.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

### Innra mat

Eins og áður nýttum við okkur símat þar sem allt starfsfólk kom að matinu, notaðir voru starfsmannafundir, deildarfundir, stjórnteymisfundir, teymisfundir og fundaraðir til þess. Börn og foreldrar komu einnig að mati ákveðinna atriða. Verkefni voru metin og strax farið í umbætur.

Foreldrar tóku þátt í að meta verkefni „Barn vikunnar“, eins og börn og starfsfólk. Almenn sátt er við verkefnið hjá öllum hópum, en laga þurfti leiðbeiningar bæði fyrir foreldra og starfsfólk og börnunum fannst að ekki ætti að stoppa verkefnið þegar allir væru búnir, heldur bara fara annan hring og annan.

### Teymi

Nokkuð mörg teymi eru í Engjaborg. Þessi teymi eiga að hittast misoft. Búið er að setja fundartíma í leikskóladagatalið og í matsáætlun skólaársins, en teymi geta beðið um aukafund þyki ástæða til.

Í hverju teymi er einn starfsmaður frá hverri deild og verkefnastjóri er í þeim öllum. Í hverju teymi er deildarstjóri sem heldur utan um vinnu teymisins. Starfsmaður deildarinnar sé svo um að halda utan um verkefnið á deildinni sinni. Þau teymi sem voru skólaárið 2023- 2024 voru; lausnaleit, matsteymi, matartímateymi, útiveruteymi, flæðisteymi, málörvunarteymi, vináttuteymi, könnunaraðferðarteymi, umhverfisteymi og barnateymi.

Barnateymi komu að mati á útiveru, flæði, matartímanum og samverustundum. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að fá sjónarhorn barnanna. Stundum er kallað saman barnateymi sem er spennandi að hausti, síðan er hádegismatur nýttur, en þá er opið inn á Listengi þar sem 12 börn geta borðað í einu og síðast en ekki síðst þá er spjallað saman í flæði inni á Listengi. Börnin sem taka þátt í matinu eru af þrem elstu deildunum. Verkefnastjóri stýrði umræðunum og punktaði niður hugmyndir og skoðanir barnanna.

### Fundarraðir

Í fundarröð eru tekin fyrir bæði fagleg og „praktísk“ málefni líðandi stundar. Þau eru endurskoðuð og ígrunduð, komið með hugmyndir að umbótum, verkferlar skýrðir og eftirfylgni með framkvæmd. Fundarefni þessa árs voru: jólagjafir, desember og jól, hrekkjavaka og afmæli Engjaborgar. Dagsetningar fyrir næstu fundarraðir eru komnar í leikskóladagatal og matsáætlun.

## 3 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat á Engjaborg þetta leikskólaár. Foreldrakönnun er annað hvert ár og er því á því næsta. Ekki var næg þátttaka starfsmanna í starfsmannakönnun til að hún væri marktæk. Það skýrist meðal annars á tímasetningu hennar sem var breytt frá því áður, ásamt því að leikskólastjóri lagði ekki sérstaka áherslu á að starfsfólk svaraði henni vegna annars álags.



Það sem metið var og sumt komið til framkvæmda annað fer í umbótaáætlun eða leikskóladagatalið:

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Málörvun</b>	Fundir Niðurstöður Hljóms2	Málörvunarteymi	Flest börnin komu ágætlega út úr Hljóm2 en starfsfólk ekki meðvitað um hvernig það getur stutt þau frekar. Sett verður í leikskóladagatalið málræktarmánuðir einn fyrir áramót og einn eftir áramót.
<b>Barn vikunnar</b>	Fundir Skoðanakönnun til foreldra	Allt starfsfólk, börn og foreldrar	Almenn ánægja var meðal foreldra með „Barn vikunnar“ en leiðbeiningarnar þóttu helst til snúnar. Börnin vilja vera aftur og aftur barn vikunnar ekki bara einu sinni. Sett í leikskóladagatal
<b>Áhrif starfsfólks</b>	Fundir	Allt starfsfólks	Starfsfólki ekki ljóst hvernig það hefur áhrif á starf leikskólans. Búið til skjal sem er á öllum deildum þar sem upp eru taldar leiðir til þess.
<b>Námsefni</b>	Fundir og skráningar	Allt starfsfólk	Vilji koma fram um að auka opin efnivið í Engjaborg. Sett í úrbætur.
<b>Blær</b>	Fundir	Vináttuteymi	Ekki nógu markvist unnið með samræðuspjöldin úr Blæ. Sett í úrbætur
<b>Flæði</b>	Fundir og barnateymi	Allt starfsfólk Flæðisteymi Barnateymi	Skipuleggja þarf betur þann efnivið sem er í boði í flæði og auka fjölbreytni hans. Sett í úrbætur



## 4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verk efna tími	Verk efni metið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Undir búnings tímar</b>	Að skýrt verði hvað, hvar og hvernig undirbúni ngstímar skulu notaðir (Endurteki ð því beðið er eftir niðurstöðu m frá stýrihóp SFS um sama efni)	Búið verður til verklag og settar reglur sem allir þekkja og fara eftir	Stjórnenda- teymið	Janúar  Feb	Mars	Umræður á starfsmann a fundi á starfsdegi 24. nóv og 6. feb	Að starfsfólk skilji tilgang undirbúnin gstíma og upplifi að þeir séu notaðir þannig að þeir nýtist deildum og á sanngjarna hátt
<b>Teymi</b>	Að skýrt verði hlutverk fulltrúa deilda í teymi og að ljóst sé hver beri ábyrgð á að koma ákvörðunu m sem ákveðanar eru í frankvæm d	Á fyrsta starfsdegi verður farið vel í gengum þetta og írekað þegar þurfa þykir yfir skólaárið	Leikskólastjóri  Matsteymi	Sep Maí	Símat allt árið	Á öllum teymisfundu m og á starfsdögum yfir leikskólaárið	Þau verkefni sem ákveðin eru á teymisfund um fara af stað á öllum deildum.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Námsefni</b>	Opinn efniviður aukin og tekin afstaða til lokaðs efniviðar og hvort hann verður hér áfram.	Skoðaður efniviður sem til er í Engjaborg. Leitað verður að tillögum að opnum efnivið til að bæta við.	Verkefnastjóri og flæðisteymi Útiveruteymi Umhverfistey mi	Sept  Apríl	Des  Apríl	Á starfsmann afundum og í barnateymi	Að búið verði að fara í gegnum efnivið á öllum deildum og lagt mat á hann.



<b>Blær</b>	<b>Að allt starfsfólk þekki samræðu spjöldin sem fylgja Blæ og geta gripið í þau þegar þurfa þykir</b>	Vinátta teymi verður með kynningu á spjöldum á starfsdegi	Vinátta teymi Lausnaleit	Nóv – Feb	Mars	Fundir hjá vinátta teymi, deildar fundir, lausnaleit	Starfsfólk upplifi að það þekki samræðu spjöldin
<b>Flæði bækur og skráningar</b>	<b>Að fundin verði leið til að vinna með sömu skráningar á báðum stöðum, þegar það á við</b>	Gerðar verða tilraunir með skráningar sem hægt er að nota á báðum stöðum	Matsteymi og Könnunaraðferðarteymi	Okt Apríl	Nóv Feb maí	Metið á teymisfundum, deildarfundum og starfsmannafundum	Starfsfólk upplifi að það geti unnið þetta saman.
<b>Skráninga fundir</b>	<b>Að allt starfsfólk geri skráningar og geti leitað sér aðstoðar og rætt skráningar við aðra starfsmenn</b>	Komið verður á skráningarfundum þar sem allt starfsfólk kemur með skráningu	Matsteymi	Okt Feb maí	Okt Feb maí	Metið í spurningarkönnun í lok leikskólaárs	Allri komist 3X á skráningarfundum
<b>Eiturefna laus leikskóli</b>	Að Engjaborg stigi fyrstu skrefin í að verða eiturefnalaus leikskóli	Gerð verður áætlun um hvað þarf að gera til að verða eiturefnalaus leikskóli og fyrstu skrefin tekin	Leikskólastjóri Umhverfisteymi	Feb	mars	Á deildarstjórafundum	Tilbúin verði áætlun



## Mannauður/

### Leikskólabragur

<b>Dagskipu lagið</b>	<b>Að yfirfara og endurmeta dagskipu lagið</b>	Dagskipu lagið skoðað og endurmetið hvort það sé eitthvað sem við viljum taka út, bæta við.	Stjórnendateymi Matsteymi	Okt feb	Mars	Á stjórnendateymi fundum, deildarfundum, matsteymi fundum og starfsdögum	Til verði dagskipulag sem sýnir þá starfsemi sem er í leikskólanum dagsdaglega
<b>Hlutverk starfsfólks í leik</b>	<b>Að öllu starfsfólki verði ljós hlutverk sitt í leik barna.</b>	Fá fræðslu og umræður um hlutverk á starfsdögum. Lesa greinar og bækur um efnið.	Verkefnastjóri og leikskólastjóri	Sept	okt	Á starfsdegi	Til verður kafli um hlutverk starfsmanna í nýju námskrá Engjaborgar
<b>Hæglæti</b>	<b>Að aðlaga leikskólas starfið að hæglæti</b>	Að skoða hvað fellst í hæglæti og finna leiðir til að innleiða það	Stjórnendateymi	Nóv Feb	Mars	Á starfsdegi	Að búið sé að taka ákvörðun um næstu skref

### Innra mat

„Matsáættun Engjaborgar 2024-2025“ fylgiskjal 3





## 5 Innra mat Vesturengi

**Hvað var metið:** Þátttaka barna

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** Fundir

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstarfsmenn

**Helstu niðurstöður:** Þetta verkefni gekk ágætlega en vilji er hjá starfsfólk að gera betur á næsta ári.

**Umbætur:** Sett í umbótaáætlun næsta árs

**Hvað var metið:** Flæðibækur

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** Deildarfundi

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstarfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Til varð ein flæðibók. Starfsfólk ráðstafaði ekki tíma í þetta verkefni

**Umbætur:** Sett í umbótaráætlun

**Hvað var metið:** Sögustund/frásagnarlist

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** Fundur

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstarfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Ekki var farið í þetta verkefni þetta leikskólaárið en nýtt það sem til var í leikskólanum.

**Umbætur:** Sjá umbótaáætlun undir málrækt

**Hvað var metið:** Hlutverkaleikur

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** Fundir

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Í Ranann hefur bæst við efniviður í hlutverkaleik og fyrir framan deildina er hilla með dóti í hlutverkaleik

**Umbætur:** Þessu verkefni náð

**Hvað var metið:** Stæðfræði (tölur og hugtök)

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** Fundir

**Hverjir tóku þátt:** deildarstarfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Tölur eru sýnilegar og hugtök voru skoðuð í samverustundum. Vilji er til að halda áfram með þetta verkefni á næsta ári.

**Umbætur:** Sjá umbótaáætlun undir einingarkubbar.



## 5.1 Umbætur Vesturengi

UMBÓTARÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verkef na tími	Verk efni metið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
<b>Þátttaka barna</b>	<b>Fundin verða fleiri hlutverk sem eflir þátttöku barna í leikskólaster fi</b>	Fest verða í sessi ný og fjölbreytt hlutverk sem börnin skiptast á að sinna	Deildarstj óri	Sep maí	Jan Apríl	Gátlisti Ígrundunarfun dir barna	Að öll börn fái hlutverk og þau upplifi að verkefni gangi vel
<b>Heilbrigði</b>	<b>Auka umræður um heilbrigði og virkja meira hreyfingu og slökun</b>	Skapa verkefni og umræður um heilbrigðan lífstíl dagsdaglega	Deildarstj óri	Feb	mars	Skráningar samtal við börn  Flæðibækur	Að börnin hafi innsýn í heilbrigði almennt
<b>Flæði bækur</b>	<b>Gefa flæðibókum meira rými og fjölga viðfangsefnum</b>	Festa ákveðnar stundir fyrir flæðibækur og koma því betur að hvern dag	Deildarstj óri og starfsfólk deildar	Sep Jún	Des Apríl	Fundir	Að til verði 3 Flæðibæk ur fyrir deildina
<b>Opin efniviður Eininga kubbar</b>	<b>Fjölga stundum í sjálfsprottnu m leik barna með einingakubb um þar sem lögð er áhersla á ferlið en ekki útkomuna</b>	Einingarkubb um verður veitt meira rými og starfsfólk fær fræðslu um hvernig hægt er að hvetja börn í leik með kubbunum	Deildar stjóri, verkefna stjóri og starfsfólk deildar	Sept Feb	Nóv Feb	Skráningar  Ígrundunarhó p barna  Fundir	Að börnin þekki efniviðin og umhverfi styðji við leik þeirra
<b>Málrækt Sögugerð</b>	<b>Að halda áfram með að efla börnin í að búa til sögur</b>	Að nota Sögu grunninum til sögugerðar	Deildar stjóri og starfsfólk deildar	Október	nóveb er	Gátlisti	Öll börnin eigi minnst eina nýja sögu í ferilmöpp u sinni og teiknaða mynd við



## 6 Innra mat Norðurengi

**Hvað var metið:** Þátttaka barna

**Hvenær:** Veturinn 2023-2024

**Hvernig var metið:** Gátlistar og á deildarfundum

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk deildar

**Helstu niðurstöður:** Fundin voru fimm verkefni í leikskólanum sem börnin skiptust á að sinna. Tvær vikur í senn. Börnin sinntu þessum hlutverkum af áhuga. Vinsælasta hlutverkið var „fataherbergisstjóri“ þar sem börnin fengu að aðstoða yngri börnin í fataherberginu. Þrátt fyrir mikinn áhuga hjá börnunum þá var ekki alltaf tími til að hjálpa þeim að sinna þessum hlutverkum.

**Umbætur:** Við þurfum að fækka hlutverkum og festa tíma og starfsmenn til að sinna þeim.

**Hvað var metið:** Flæðibækur

**Hvenær:** Veturinn 2023-2024

**Hvernig var metið:** Rætt við börnin í verkefninu og starfsfólk á deildarfundum

**Hverjir tóku þátt:** Börn og starfsfólk deildar

**Helstu niðurstöður:** Unnar voru tvær flæðibækur. Þær voru mjög ólíkar og börnin voru virk og áhugasöm í báðum. Skráningar voru gerðar úr bókunum og hvert barn fékk flæðibókaskráningu í ferilmöppuna sína þar sem kom fram hvað þau teiknuðu, sögðu og lærðu í verkefninu.

**Umbætur:** Allir starfsmenn komu að þessu verkefni og starfsmenn sammála um að þetta hafi verið skemmtilegt lærdómsferli fyrir börnin. Við ætlum að gefa Flæðibókunum meira rými í dagskipulaginu og ætlum að virkja starfsmenn betur í verkefninu.

**Hvað var metið:** Sögugerð barna

**Hvenær:** Veturinn 2023-2024

**Hvernig var metið:** Rætt við börnin í samverum og starfsfólk á deildarfundum

**Hverjir tóku þátt:** Börn og starfsfólk deildar

**Helstu niðurstöður:** Við lögðum áherslu á að börnin æfðu sig að segja frá ýmislegu í samverunum. Börnin æfðu sig svo að spinna sögur og notuðu segulmyndir til að koma sér af stað. Hvert barn fékk söguskráningu í ferilmöppuna sína í lok verkefnisins.

**Umbætur:** Það kom á óvart hvað börnin voru viljug að spinna sögur fyrir framan vini sína. Við ætlum að halda þessu verkefni áfram en bjóða börnunum að velja sér hluti sjálf til að spinna í sína sögu. T.d. úr umhverfi leikskólans (steinar, greinar o.fl.) eða það sem þau finna í leikskólanum.



## 6.1 Umbætur Norðurengi

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verkefna tími	Verkefni metið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málrækt</b>	Auka orðaforða og hlustunar skilning barna með bókalestri	Ein bók valin sérstaklega í hverri viku og orð úr bókinni valin sem eru kennd m.t.t. orðaspjallsaðferðarinnar	Deildar stjóri og starfsfólk deildar	Sept Maí	Jan Maí	Tékklisti Orða skjóða	Að lesið sé fyrir börnin amk.3x í viku með Orðaspjallsaðferð
<b>Flæði bækur</b>	Gefa Flæðibók um meira rými og virkja alla starfsmenn	Festa ákveðnar stundir fyrir Flæðibækur	Deildar stjóri og starfsfólk deildar	Sep Jun	Des apríl	Gátlisti	Að til verði minnst 4 Flæðibækur fyrir deildina
<b>Opin efni viður Eininga kubbar</b>	Auka gæði frjáls leiks barna með einingakubbum þar sem lögð er áhersla á ferlið en ekki útkomuna	Einingarkubbum um verður veitt meira rými og starfsfólk fær fræðslu um hvernig hægt er að hvetja börn í leik með kubbum	Deildar stjóri og starfsfólk deildar	Sep Feb	Jan	Skráningar	Að einingakubba svæðið verði virkt leiksvæði dags daglega
<b>Heilbrigði</b>	Auka umræður um heilbrigði og virkja meiri hreyfingu og slökun	Skapa verkefni og umræður um heilbrigðan lífstíl dagsdaglega	Deildar stjóri	Feb	mars	Gátlisti og skráningar	Að börnin hafi innsýn í eigið heilbrigði
<b>Opin efni Viður listsköpun</b>	Betri aðstæður fyrir listsköpun á deild með áherslu á opinn efnivið	Stækka svæði á deild fyrir listsköpun og opinn fjölbreyttur efniviður settur inn	Deildar stjóri	sept	jan	Deildarfundum og samtöl við börnin	Að börnin geta notið sín í listsköpun á sínum forsendum



## 7 Innra mat Austurengi

**Hvað var metið:** Þátttaka barna, að börnin fái mismunandi hlutverk til þess að efla trú á eigin getu.

**Hvenær:** Maí 2024

**Hvernig var metið:** Það átti að nota gátlista til að meta hvort öll börn hafi fengið þau hlutverk sem ákveðið var að meta. Þess í stað fengu öll börn deildarinnar tækifæri til að vera börn vikunnar og var það skráð og skráning gerð um verkefnið.

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstjóri og starfsfólk deildar

**Helstu niðurstöður:** Í tengslum við verkefnið Barn vikunnar þá fengu öll börn mismunandi hlutverk meðan þau voru börn vikunnar, eins og að hjálpa til við að leggja á borð, bjóða öðrum börnum að gjöra svo vel og bjóða ávexti í samverustund. Þetta þótti börnunum mikil ábyrgð, þau stóðu sig mjög vel og tóku hlutverk sitt alvarlega. Ákveðið var að vera ekki að rugla börnin með því að búa til önnur hlutverk í öðru verkefni og því var hlutverk barnanna í Barni vikunnar látið duga enda efldi það trú barnanna á eigin getu svo um munaði.

**Umbætur:** Haldið verður áfram með verkefnið um Barn vikunnar.

**Hvað var metið:** Þróun flæðibóka (floorbooks), að starfsfólk tileinki sér að nota flæðibækur til skráningar fyrir verkefni vetrarins.

**Hvenær:** Maí 2024

**Hvernig var metið:** Með því að meta afrakstur flæðibóka

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstjóri og starfsfólk deildar

**Helstu niðurstöður:** Markmiðið var að gerðar yrðu tvær flæðibækur yfir veturinn en þær urðu þrjár, skrímslabók, eldgosabók og pöddubók. Verkefnið gekk því mjög vel auk þess sem deildarstjóri, í samvinnu við deildarstjóra Norðurengis, hélt kynningu fyrir aðra leikskóla borgarinnar á verkefninu í maí 2024.

**Umbætur:** Markmiðið fyrir næsta vetur að fleiri starfsmenn deildarinnar taki þátt í gerð flæðibóka næsta vetur.

**Hvað var metið:** Sögustundir með brúðum og fylgihlutum, að haldið verði áfram að þróa sögustundir með það að markmiði að nota sem flest af skilningarvitum barnanna við upplifun þeirra á sögunum.

**Hvenær:** Maí 2024

**Hvernig var metið:** Með athugunum og skráningum

**Hverjir tóku þátt:** Deildarstjóri

**Helstu niðurstöður:** Á námskeiði í Glasgow vorið 2023 var lögð áhersla á að virkja sem flest skilningarvit barnanna þegar þeim eru sagðar sögur. Því var sérstök áhersla lögð á að efla skilningarvit barnanna eins og sjón, heyrn, lykt, snertingu og þátttöku í sögustundum í vetur, bæði á deildinni sem og með öðrum börnum leikskólans. Börnunum fannst gaman þegar notaðir voru fylgihlutir með sögum og þær sagðar frekar en lesnar. Enn meira gaman fannst börnunum að fá að snerta, finna lykt eða að taka þátt í að leika sögurnar. Áhugi barnanna ýtti undir athygli þeirra og áhuga á því að læra sögurnar.

**Umbætur:** Haldið verður áfram að bjóða börnunum upp á sögustundir með fylgihlutum.



## 7.1 Umbætur Austurengi

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verkef na tími	Verkef ni metið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
<b>Opinn og endurnýtan- legur efnivið í listsköpun</b>	<b>Að börnin nái að virkja og þróa ímyndunar afl sitt og sköpun með notkun á opnum og endur- nýtanlegu m efnivið í fjölbreyttri listsköpun</b>	Við bjóðum börnum upp á fjöl- breyttan efnivið í list sem eykur ímyndunaraf- li þeirra og sköpun	Starfsfólk deildar- innar	Sept 2024- maí 2025	Jan og maí 2025	Með skráningum og mati á listaverkum barnanna	Að börn hafi tileinkað sér að nota fjöl- breyttan efnivið í sköpun
<b>Flæðibækur</b>	<b>Að allt starfsfólk deildarinn- ar tileinki sér að nota flæðibæku- r til skáningar</b>	Að gerðar verði flæði- bækur um öll þemu vetrarins sem allir taka þátt í	Deldar- stjóri og starfsfólk deildar- innar	Sept 2024- maí 2025	Jan og maí 2025	Á deildarfundu- m og með því að meta flæðibækur vetrarins	Að allt starfsfólk deildar- innar hafi unnið í flæðibók
<b>Opnum og endurnýtan- legum efnivið til notkunar með einingakubb- um og holukubbum</b>	<b>Að börnin nái að virkja og þróa ímyndunar afl sitt og sköpun</b>	Að bjóða börnum upp á fjölbreyttan, opinn efnivið með einingakubb- um og holukubbum	Starfsfólk deildar- innar	Sept 2024- maí 2025	Jan og maí 2025	Á deildarfundu- m og með því að meta skráningar í ferilmöppum barnanna	Að börn hafi tileinkað sér að nota fjöl- breyttan efnivið í leik
<b>Málrækt</b>	<b>Að fjölga sögum sem börnunum eru sagðar í sögustund- um og að virkja sem flestar skilningarv- it barnanna</b>	Að finna fjölbreyttar sögur sem höfða til barnanna og fylgihluti sem dýpka upplifun og skilning barnanna á þeim	Starfsfólk deildarin- nar	Sept 2024- apríl 2025	Jan og apríl 2025	Á deildarfundu- m og með skráningum	Að sjá megi sögur barna í skráning- um á leik þeirra og starfi



## 8 Innra mat Suðurengi

**Hvað var metið:** Þátttaka barn í leikskólasterfi

**Hvenær:** Við og við allan veturinn

**Hvernig var metið:** Deildarfundum

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Gengið hægt í fyrstu en eftir áramót var ákveðið að hafa þjóna og skipulag og þá gekk þetta mjög vel og var eftirsótt af börnum og þau vildum ólm taka þátt.

**Umbætur:** Þessu verður haldið áfram

**Hvað var metið:** Sögustund

**Hvenær:** Maí

**Hvernig var metið:** á deildarfundum

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk

**Helstu niðurstöður:** Erfitt að byrja en þegar komið var plan og starfsfólk öruggt þá gekk þetta vel.

Börnum fannst þetta skemmtilegar sundir og sóttu í þær. Stundum voru hreyfileikir strax eftir söguna og það fannst líka öllum gaman.

**Umbætur:** Haldið áfram, passar vel inn í starfið

**Hvað var metið:** Flæðibækur

**Hvenær:** Allan vetur

**Hvernig var metið:** deildarfundir

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk deildar og allt starfsfólk leikskólans

**Helstu niðurstöður:** Gerðar var að gera tvær bækur sem sjá má á deild. Starfsfólk naut þess að gera þessar bækur og sjá afrakstu barna og starfsmanna úr könnunaraðferðinni tekið saman í bók. Börnin fylgstum með bókunum verða til og tóku þátt í að skapa þær. Bækurnar voru oft notaðar í samverustundum með börnunum sé sóttust í að skoða þær. Börnin töluð líka mikið um innihald bókanna heima og úr því varð foreldrum var boðið í heimsókn til að skoða þær.

**Umbætur:** Áfram verðar gerða flæðibækur næsta vetur.



## 8.1 Umbætur Suðurengi

UMBÓTARÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Verkef na tími	Verkef ni metið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
<b>Opin efniviður</b>	<b>Að auka opin efnivið á deildinni og velja af kostgæfni þann efnivið sem er á deildinni</b>	Farið yfir þann efnivið sem er á deildinn og metið hvort hann eiga að vera eða fara	Deilda r stjór	Sept – des	Jan	Á deildar fundum	Búið verður að fara yfir allan efnivið og meta hann
<b>Flæði bækur</b>	<b>Að virkja alla starfsmenn í gerð flæðibóka og þróa gerð þeirra</b>	Að allir fái tíma til að vinna í flæðibókum	Deilda r stjóri	Sep Maí	Febrúa r Maí	Á deildar fundum	Að stafsólk upplifi sem þáttakanda og með ábyrgð
<b>Málrækt</b>	<b>Allir fái skemmtile gar samveru stund við hæfi</b>	Skipta hópnum upp í litla hópa og velja efni samverustun dar sérstaklega fyrir hvern hóp	Deilda r stjóri	Sep Maí	Janúar Maí	Á deildar fundum  Á fundi með sérkennslu stjóra	Að börnin taki þátt í samverustun um og allir meðtaki það sem fram fer í stundunum





## 9 Innra mat sérkennslu

### Skipulagning sérkennslu 2023-2024

Sérkennslustjóri og deildarstjóri mátu þörf barnsins og í hvaða stundum barnið þurfi á stuðning á að halda. Sérkennslustjóri gerði áætlun þar sem ákveðinn stuðningsaðili var settu inn á deild barnsins og í þeim stundum sem barnið þurfti stuðning, hann vann með barninu í þessum aðstæðum og aðstoðaði við yfirfærslu. Sérkennslan fór að mestu fram inn á deildum barnanna í barnahópnum eða í minni hópum allt eftir því hvað hentaði hverju barni/barnahópi. Sumt var unnið með í mjög litlum hóp og svo var færnin yfirfærð inn á deild í barnahópinn með aðstoð stuðningsaðila. Í einstaka tilfelli var talin þörf á að barn eitt væri með stuðningaðil meðan það var að læra ákveðna færni. Áhersla var lögð á að efla félagsfærni og málþroska barnanna í barnahópnum til dæmis með því að ákveðnir starfsmenn væru með í leik barnanna. Unnið er heildrænt út frá hverju barni fyrir sig. Markviss vinna er unnin með alla þætti í samstarfi við heimili og út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og sérstök áhersla lögð á vellíðan, félagsleg tengsl og samskipti.

**Matsgögn sem notuð eru:** Hljóm-2, AEPS, TRAS, EFI, Íslenski þroskalistinn, Íslenski málhljóðamælirinn, ABILLS. Félagsfærni gátlistar.

#### Námsefni

Mikið er til af námsefni í Engjaborg. Keypt var leikefni sem notað var í félagsfærniþjálfun og einnig skynörvunardót. Mikið var búið til að sjónrænu skipulag bæði fyrir leikskóla og heimili.

#### Það sem metið var þett árið

**Hvað var metið:** Skýrt verklag og skipulag

**Hvenær:** Apríl

**Hvernig var metið:** Fundir

**Hverjir tóku þátt:** stuðningsaðilar og deildarstjórar

**Helstu niðurstöður:** að nota þetta skipulag nýttist börnum og deildum betur og stuðningur var markvissari.

**Umbætur:** Halda áfram með þetta verklag

**Hvað var metið:** BBB – Betri borg fyrir börn

**Hvenær:** mars

**Hvernig var metið:** Fundir

**Hverjir tóku þátt:** Starfsfólk og foreldrar

**Helstu niðurstöður:** Foreldrar 31 barns fékk ráðgjöf frá sérkennslustjóra þetta skólaárið sem nýttist vel bæði foreldrum og börnum þar sem þau fengu aðstoð um leið og þurftu óháð greiningu og stöðu. Misjafnt var hvort foreldrar eða leikskóli höfðu frumkvæði af þessari ráðgjöf.

**Umbætur:** Haldið verður áfram með þetta verkefni og það sett í leikskóladagatalið.

**Hvað var metið:** Teach

**Hvenær:** Apríl

**Hvernig var metið:** Á fundum

**Hverjir tóku þátt:** Sérkennslustjóri

**Helstu niðurstöður:** Sérkennslustjóri fór á námskeið í Teach og nýtti þá þekkingu í haldleiðslu stuðningaðila sem voru sáttir við það.

**Umbætur:** Sérkennslustjóri mun halda áfram að nota þessa aðferð.



## 9.1 Umbætur sérkennsla

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verkefna tími	Verkefni metið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Farsæld</b>	Halda áfram innleiðingu og fræðslu til foreldra og starfsfólks	Foreldrum boðin ráðgjöf og fræðsla.	Tengiliður farsældar, sérkennslustjóri	Ágú-júní	Apríl	Spurningalisti til foreldra	Foreldrar og starfsfólk viti hvert þau geta leitað eftir aðstoð með farsæld barns að leiðarljósi
<b>Lausn leitar teymi</b>	Veita snemmtæka íhlutun og ráðgjöf, til starfsfólks og foreldra, fyrir öll börn .	Verkferlar kynntir og foreldrum og starfsfólk leiðbeint hvernig Lausnarleit virkar.	Sérkennslustjóri	Sept	apríl	Spurningalisti til foreldra	Að börn fái lausn á sínum málum strax og að foreldrar og starfsfólk finni að á það sé hlustað og brugðist við öllum áhyggjum
<b>Hljóm-2 og Efi-2</b>	Fræða starfsfólk og fara yfir niðurstöður	Vera með erindi á starfsdögum	Sérkennslustjóri	Sep og apríl	Apríl	Spurningalisti	Starfsfólk viti hvað þetta er og tengi við starfið
<b>Sam skipta bækur</b>	Nýta samskiptabækur meira með breyttum áherslum.	Taka fleiri myndir dagsdaglega sem sýna hvað börnin eru að fást við og leikinn.	Sérkennslustjóri	Sep – júní	Apríl	Spurningalisti	Auka samskipti og orðaforða barna og auka samræður barns og foreldri um leikskóladaginn
<b>Málrækt</b>	Auka orðaforða og hljóðkerfisvitund. Efla foreldra í samvinnu með leikskóla.	Senda heim í samskipta bók, lög mánaðarins, Lubba hljóðin og bækur og orð vikunnar	Sérkennslustjóri	Sep	Maí	Spurningalisti	Stuðla að því að verið sé að leggja áherslu á sömu hlutina á sama tíma, heima og í leikskóla



## 10 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Því fjármagni sem úthlutað var til Engjaborgar vegna fjöltyngdra barna var ráðstafað í laun starfsmann og í efniskostnað eins í gerð sjónræna skipulaga. Markvisst var unnið að í auka daglegan orðaforða þeirra með aðferðum einsog „Gefðu 10“, Orðaskjóðum og litlum samverustundahópum. Í samverustundum var unnið með sögur, lesnar bækur og sungið og allt valið efnið við hæfi þeirra sem voru í samverustundum, einnig búa þau til sögur þar sem Sögugrunnurinn var notaður sem stuðningur. Mikil áhersla var lögð á hljóðkerfisvitund og áætlað er að leggja en meiri áherslu á hana næsta leikskólaár.

Ef þurfa þótti að fylgjast frekar með framförum barnana var notaður „Hæfniramar í íslenski fyrir fjöltyngs börn í leikskóla“ og TRAS.

#### Það sem metið var þetta árið

**Hvað var metið:** Hæfniramar

**Hvenær:** Mars

**Hvernig var metið:** Fundur

Hverjir tóku þátt: Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar

Helstu niðurstöður: að það væri ekki nóg að nota eingöngu hæfnirama fyrir þau börn sem eru lengi að læra íslensku og þá væri gott að nota TRAS með og að gera stöðumat oftar.

**Umbætur:** Sett í umbótaáætlun.

**Hvað var metið:** orðaforðalistar

**Hvenær:** janúar

**Hvernig var metið:** fundur

Hverjir tóku þátt: Sérkennslustjóri, stuðningur og verkefnastjóri

Helstu niðurstöður: Leggja ætti minna áherslu á beina kennslu á orðum sem nýtast börnunum lítið eða ekkert heldur einblína á tímabil fyrir orðflokka sem unnið er með í daglegu starfi.

**Umbætur:** Sett í umbótaætlun

**Hvað var metið:** Málstefna

**Hvenær:** Að hausti

**Hvernig var metið:** Fundir

Hverjir tóku þátt: Allt starfsfólk

Helstu niðurstöður: Er enn í vinnslu

**Hvað var metið:** einstaklingslestur

**Hvenær:** Maí

Hvernig var metið: Fundir

Hverjir tóku þátt: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri

Helstu niðurstöður: Skilaði árangri hjá þeim börnum sem tóku þátt

Umbætur: Haldið verður áfram með einstaklingslestur fyrir þau börn sem þurfa.



## 10.1 Umbætur – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

UMBÓTAPÁTTUR/ TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Verkefna tími	Verkefnið metið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sam skipta bækur</b>	Nýta samskipta bækur meira með áherslu á aukin samskipti og fjölbreyttan orðaforða	Nýta skráninga til þess að virkja meiri samskipti milli heimilis og leikskóla.	Sérkennslustjóri	Ágúst til júní	Apríl	Spurningalistar	Að auka daglegan orðaforða og bæta færni í samskiptum
<b>Aukin yfirsýn yfir gang mála</b>	Nýta hæfnisrammana og TRAS reglulega. Og skrá framfarir	Festa niður dagsetningar og tíma þar sem farið er yfir stöðuna og endurmetið reglulega fyrir hvern einstakling	Sérkennslustjóri	Október -	Apríl	Fundur	Hafa betri yfirsýn með framförum og að vinnan verði markvissari fyrir hvern einstakling.



## 11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Síðasta leikskólaár fengum við fyrirlestur um opinn efnivið og vakti sá fyrirlestur mikinn áhuga starfsfólks eins og sjá má í markmiðum allra deilda fyrir næsta ár.

Starfsfólk fór á fyrirlestur með Sunnufold og Funaborg frá Litlu kvíðameðferðamiðstöðinni sem nýttist vel bæði í starfi og til að gefa foreldrum ráð.

Deildarstjórar sóttu námskeið Menntavísindasviðs sem haldið var í samstarfi við Skóla – og frístundasvið og komu tilbaka með nýja þekkingu í hvert skipti.

Þrjú starfsmenn voru virkir notendur af appinu „Bara tala“ sem er fyrir þá sem eru með íslensku sem annað mál.

Við höfðum eftir áramót reynt að haga starfinu þannig að allt starfsfólk fái undirbúning og búið til ákveðin stað þarf sem við söfnum lesefni sem starfsfólk getur leita í með fræðslu og hugmyndir fyrir starfið.

Á menntastefnumóti í maí sóttu margir starfsmenn fyrirlestur um hæglæti og heyra mátti í starfsþróunarsamtölum vorsins að sú hugmyndafræði vakti áhuga og margir sem vilja dýpka þekkingu sína á hæglæti í leikskólastarfi.

Ný námskrá Engjaborgar er langt komin en kafli um leikinn og hlutverk starfsfólks í leik er enn óskrifaður og áætlað er að fá fræslu um þessi atriði áður en sá kafli verður skrifaður.

Starfsþróunarsamtöl verða áfram í maí og snerpusamtöl annan hvern mánuð og er það í skóladagatali leikskólans sem er aðgengilegt starfsfólki Engjaborgar.

### 11.1 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

27. september sameiginlegur með leik- grunn og frístund í Austur

23. október

22. nóvember sameiginlegur leik- grunn og frístund í Austur

9. janúar

6. febrúar sameiginlegur með leik- grunn og frístund í Austur

11. apríl

Leikskóladagatal og matsáætlun er í viðhengi.

## 12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Engjaskóla, Brosbæjar og Engjaborgar miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi yfir á annað. Elstu börnin í Engjaborg eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og Brosbæ og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu þar. Þetta sumarið tók Engjaborg þátt í verkefninu „Fyrir frístund“ ásamt Brosbæ og Hvergilandi. Það gekk að mestu leiti vel og börnin sát með þessa nýjung.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.



## 12.1 Samstarf Engjaskóli – Engjaborg – Brosbær 2024-2025

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
11. okt. kl. 8.30-9.40	Stafainnlögn, nesti.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar.
16. nóv. kl. 10.00	5. bekkur í Engjaskóla les fyrir börnin í Engjaborg.	Engjaborg	Stjórnendur og umsjónarkennara í 7. og 5. bekk.
10. nóv. kl. 10.00	Fyrsti bekkur heimsækir leikskólann	Engjaborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag.
20. nóv. kl. 9.00-10.00	Heimsókn elstu barna leikskólanna í skólann.	Engjaskóli	Stjórnendur, Engjaskóla
8. des. kl. 9.00	Nemendur fyrsta bekkjar og leikskólabörnin hittast í Engjaskóla.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
14. des. kl. 9.00	Börnin í 5. bekk lesa upp jólakveðjur.	Engjaborg	5. bekkja kennari í samráði við deildarstjóra elstu barna.
24. nóv. kl. 10.00-11.00	Kynning á starfi og reglum.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna.
16. jan. kl. 12:15-13:30	Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
Skipulagt af fagstjóra grunnskólans	Leikskólabörnum boðið í íþróttir, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt.	Engjaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
19. apríl kl. 8:30-9:40	Stafainnlögn, nesti.	Engjaskóli stofa 11 og 12	Umsjónarkennarar 1. bekkjar sjá um skipulag heimsóknarinnar.
13. maí kl. 15:00	Vorskólaheimsóknir elstu barna og foreldra í Engjaskóla.	Engjaskóli	Skólastjórnendur grunnskóla
11. mars kl. 13:00-14:00 6. maí kl. 14:00-15:00	Tvær heimsóknir í Brosbær.	Brosbær	Deildarstjórar elstu barna og forstöðumenn frístundaheimilanna
21. júní Kl. 10:00	Farið yfir síðustu samstarfsáætlun og drög unnin að næstu áætlun.	Engjaskóli	Aðstoðarskólastjóri Engjaskóla og deildarstjóri Vesturengis



### 13 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eru þau þegar barnið á afmæli og svo sex mánuðum seinna. Hjá elstu börnunum eru samtöl í apríl/maí. Við lítum svo á að afmælissamtalið sé „skyldusamtal“ og leggjum mikla áherslu á að foreldrar mæti í það. Auk þessa geta foreldrar alltaf boðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal. Deildarstjórar setja upp áætlun í upphafi leikskólaárs fyrir allt árið.

Foreldrum er boðið að taka þátt í viðburðum eins og morgunmat, smákökuboð, bóndadagskaffi, konudagskaffi, opið hús og vorhátíð.

Starfandi er foreldrafélag sem styður við starf leikskólans og sér um ýmsa viðburði.

Í september er foreldrafundur þar sem starfsemi deilda er kynnt og kosið er í foreldraráð. Í foreldraráði skulu verða að minnsta kosti þrjú foreldrar og starfar leikskólastjóri með foreldraráðinu. Foreldraráðið gefur umsagnir um áætlanir leikskólans og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráðið hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar innan leikskólans.

Á leikskólaárinu sem er að líða voru sex foreldrar í foreldraráði og hittust á sex- átta vikna fresti og farið var yfir málefni leikskólans og þær áætlanir sem gerðar voru á árinu.

Eins áður hefur komið fram buðum við foreldrum upp á aukna ráðgjöf, stuðning og fræðslu. Stundum þurfi bara spjall eða speglun en stundum hitti sérkennslustjóri foreldra reglulega og var stuðningur við foreldra. Á síðasta skólaári nýttu foreldra 31 barns þennan stuðning og verður áfram boðið upp á stuðning á þennan hátt næsta vetur.

### 14 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Matsáætlun Engjaborgar 2024- 2025

10.3 Leikskóladagatal

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



**Fylgiskjal**

## **Starfsáætlun 2024 – 2025 Engjaborg**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Ásdís María Einarsdóttir  
Hanna Rún Ragnarsdóttir  
Rósa Sólveig Steinarsdóttir  
Silja Karen Lindudóttir**





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagarnir eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



### Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Engjaborg hefur yfirfarið starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2024-2025. Er það mat foreldraráðs að starfsáætlun sé í anda þeirra viðmiða sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur sett leikskólum borgarinnar jafnframt sé fjallað um öll atriði sem kveðið er á um í aðalnámskrá leikskóla.

Á þessu leikskólaári sem nú er að líða (2023-2024) varð leikskólinn Engjaborg 30 ára og var því fagnað vel. Starfsfólk, börn og forráðamenn fögnuðu saman þar sem meðal annars Leikhópurinn Lotta mætti á svæðið en það var gert með stuðningi frá foreldrafélaginu. Þetta var frábært stund í Engjaborg.

Starfsfólk leikskólans heldur áfram að sýna hversu öflugt það er og metnaðarfullt. Þetta endurspeglast í litlum breytingum á starfsmannahaldi, endurmenntun og menntun starfsfólks. Það var einn starfsmaður að útskrifast sem leikskólakennari í vor sem dæmi og það er alltaf frábært að heyra og forráðamenn meta mikils. Samheldinn, fjölbreyttur og frábær hópur sem starfsfólkið er.

Á árinu sem er að líða var t.d. aukin áhersla á teymisvinnu og aukinn stuðningur sérkennslu fyrir þau börn sem þurftu. Þetta sýndi árangur í starfi og leik og var mjög vel að þessu staðið. Gaman að sjá áherslu á flæðibækur og mat hvernig það verkefni gekk fyrir sig á hverri deild fyrir sig. Reglulega koma upplýsingar inn í Völu til forráðamanna og er mikil virkni þar. Upplýsingar um svefn, mat, mætingar, myndir og fleira sem eykur upplýsingaflæði á milli og eru forráðamenn almennt mjög ánægðir með það.

Foreldraráð leikskólans Engjaborgar telur heilt yfir að stofnunin sé vel rekin og faglega staðið að öllu starfi. Umbótaáætlanir bera þess svo sannarlega merki. Foreldraráðið er mjög jákvætt fyrir komandi leikskólaári.

Valdís María Einarsdóttir

Hanna Rún Ragnarsdóttir

Rósa Sólveig Steinarsdóttir

Silja Karen Lindudóttir







# Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ Brunaæfing	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýsisdagurinn	1 S Sjómannadagurinn
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M Dagur barnabókarinnar	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M Fridagur verslunamanna	5 F	5 L	5 Þ Jarðskjálftæfing	5 F	5 S	5 M	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Foreldrakaffi	6 M Brettáindinn - vasalýsisdagur	6 F Leikskólaráðs Stefna Starfsdagur	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Opnun eftir sumarleyfi	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F Starfsdagur	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F Starfsdagur	11 S	11 M
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Jólalabí	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F Oplö hús - vorhátíð	16 M Skruðganga
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skirdagur	17 L	17 Þ Lyðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F Náttfatadagur og bókaþíð	20 M	20 F	20 F	20 S Páskadagur	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Konukaffi	21 F Fögnum fjölbreytileikanum - Sk	21 M Annar í Páskum	21 M	21 L
22 F Skólaeining grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F Starfsdagur	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M Starfsdagur	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bændadagur - fyrsti dagur þorra	24 M Vetrarfrí grunnskóla	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F Foreldrafundur	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F Starfsdagur	27 S Alp. Bangsadagurinn	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M Vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ	29 F Uppfigningardagur
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 S	30 M	30 M
31 L		31 F Hrekkjavaka		31 Þ Gamlársdagur	31 F			31 M	31 L	

### Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunns